

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar, Neskaupstað, sjálfseignarstofnun.

### 1. gr.

#### *Stofnaðild og heimili.*

Myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar, Neskaupstað, sjálfseignarstofnun, í skipulagsskrá þessari nefnt *safnið*, er stofnað af eftirtöldum aðilum:

- 1) Tryggva Ólafssyni, kt. 010640-4239, Italiensvej 20, Amager, Kaupmannahöfn, Danmörku.
- 2) Magna Kristjánssyni, kt. 240842-3519, Melagötu 11, 740 Neskaupstað.
- 3) Fjarðabyggð, kt. 470698-2099, Hafnarbraut 2, 740 Neskaupstað.
- 4) Samvinnufélagi útgerðarmanna í Neskaupstað (SÚN), kt. 550269-0319, Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstað.
- 5) Sparisjóði Norðfjarðar, kt. 610269-7029, Egilsbraut 25, 740 Neskaupstað.
- 6) Alcoa Fjarðaáli sf., kt. 520303-4210, Búðareyri 3, 730 Reyðarfirði.
- 7) Landsbanka Íslands hf., kt. 540291-2295, Austurstræti 11, 101 Reykjavík.

Safnið starfar á grundvelli safnalaga nr. 106/2001 eftir því sem við á og laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Safnið er sjálfseignarstofnun, en mun ekki hafa með höndum atvinnurekstur.

Heimili safnsins og varnarþing er í Neskaupstað.

### 2. gr.

#### *Markmið.*

Markmið með stofnun safnsins er aðallega að eiga og safna myndverkum eftir Tryggva Ólafsson myndlistarmann, varðveita myndverkin og halda á þeim sýningar fyrir almenning í húsnæði safnsins í Neskaupstað og annars staðar þar sem henta þykir. Sömuleiðis eiga þau að nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar. Safninu er heimilt að eiga og safna myndverkum eftir aðra myndlistarmenn í sama tilgangi. Safninu er heimilt að taka að sér umsjón, varðveislu og sýningu myndverka í eigu annarra en safnsins á grundvelli skriflegra samninga á milli safnsins og viðkomandi aðila. Safninu er heimilt að lána og/eða leigja út myndverk í eigu eða umsjón safnsins með það að markmiði að almenningur fái notið myndverkanna. Við þær aðstæður skal gætt að fyllsta öryggi myndverkanna.

Markmiðum með stofnun safnsins skal náð með beinum fjárframlögum, myndgjöfum og styrkjum svo sem nánar greinir í skipulagsskrá þessari.

### 3. gr.

#### *Stjórn safnsins.*

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og einum til vara. Stjórnina skipa þeir Magni Kristjánsson framkvæmdastjóri, Neskaupstað, Freysteinn Bjarnason framkvæmdastjóri, Neskaupstað og Jón Sveinsson hæstaréttarlögmaður, Reykjavík. Varamaður í stjórn er Smári Geirsson kennari, Neskaupstað og tekur hann sæti í aðalstjórn í forföllum aðalmanna. Stjórnarmenn sitja ótímabundið í stjórninni en segi þeir sig úr stjórn eða varastjórn skulu þeir tilnefna nýjan mann í sinn stað. Hverfi menn úr stjórn eða varastjórn án þess að tilnefna mann í sinn stað skulu þeir sem eftir sitja tilnefna nýjan stjórnarmann. Stjórnarmenn skulu ekki vera skyldir eða tengdir með þeim hætti sem fram kemur í 2. og 3. tl. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Ákvarðanir stjórnar eru teknar með meirihluta atkvæða.

Stjórnarmenn fá hvorki greidd laun né þóknun í neinu formi fyrir venjuleg stjórnarstörf.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin skal skipuð formanni, gjaldkera og ritara. Formaður kemur fram fyrir hönd safnsins og er forsvarsmaður þess á opinberum vettvangi. Stjórnin ber ábyrgð á fjárvörslu, færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988, en gjaldkeri annast þann þátt fyrir hönd stjórnar. Ritari annast færslu fundargerða og varðveislu þeirra gagna og skjala er safninu berast. Formaður boðar til stjórnarfunda safnsins og er skylt að boða tafarlaust til slíks fundar krefjist einn stjórnarmaður þess.

#### 4. gr.

##### *Starfssvið stjórnar.*

Stjórn safnsins ræður málefnum safnsins og tekur allar ákvarðanir um starfsemi þess, meðferð og ráðstöfun mynda safnsins, kaup, lán, útlán og leigu á myndverkum og annað er tengist rekstri safnsins. Stjórn safnsins fer með fjárreiður safnsins í samræmi við meginreglur laga nr. 19/1988 og skipulagsskrá þessa.

Stjórnin tekur ákvarðanir á fundum sínum og skal haldin gerðabók um alla fundi og bóka skilmerkilega þær ákvarðanir er teknar eru. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna mætir á boðaðan fund.

Einfaldur meirihluti stjórnarmanna ræður ákvörðunum stjórnar. Stjórn safnsins skuldbindur safnið gagnvart öðrum aðilum og er undirritun meirihluta stjórnar nægileg til þess.

Stjórn safnsins ræður starfsmann (forstöðumann) og/eða starfsmenn að safninu eftir þörfum.

Stjórn safnsins gerir samninga fyrir hönd safnsins, svo sem um rekstur, skráningu safnsins og einstakra myndverka, leigu myndverka og annað sem nauðsynlegt þykir.

Stjórnin skal velja endurskoðendur safnsins. Reikningsár safnsins skal miðast við almanaksár.

#### 5. gr.

##### *Stofnframlag.*

Eftirtaldir stofnaðilar leggja til safnsins sem stofnfé myndir eftir Tryggva Ólafsson og fjármuni svo sem greinir hér að neðan:

1. Tryggvi Ólafsson og Magni Kristjánsson, saman,	201 mynd
2. Fjarðabyggð,	9 myndir
Verðmæti mynda skv. mati við stofnun	kr. 28.575.000
3. Fjarðabyggð	kr. 3.319.366
4. Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað	kr. 2.500.000
5. Sparisjóður Norðfjarðar	kr. 2.500.000
6. Alcoa Fjarðaál sf.	kr. 2.500.000
7. Landsbanki Íslands hf.	kr. 1.000.000
8. Magni Kristjánsson	kr. 750.000
Samtals:	kr. 41.144.366

Listi yfir framangreindar myndir, alls 210 myndir, fylgir skipulagsskrá þessari sem fylgiskjal og telst hluti hennar. Stofnframlag Fjarðabyggðar, annað en myndir, er kostnaður sem til hefur fallið við undirbúning, stofnun og rekstur safnsins fram að stofndeggi. Stofnframlag samanstendur því af 210 myndum eftir Tryggva Ólafsson myndlistarmann, undirbúningsframlagi Fjarðabyggðar að fjárhæð kr. 3.319.366, reiðufé að fjárhæð kr. 8.500.000, sem lagt er fram af stofnaðilum við stofnun, og áhöldum og tækjum að fjárhæð kr.

750.000, sem safnið hefur nú til umráða og Magni Kristjánsson hefur lagt fram. Stofnefnahagsreikningur ásamt sundurliðun, alls 5 síður, liggur frammi við stofnun.

Óheimilt er að gefa eða selja myndir úr safninu sem teljast hluti stofnframlags nema til komi heimild þess er lagði myndina fram sem stofnfé eða sambærileg eða betri mynd að mati stjórnar safnsins komi í hennar stað.

Af stofnfé skal óskerðanlegt stofnfé vera að lágmarksfjárhæð kr. 692.000. Sú upphæð skal taka breytingum samkvæmt lögum nr. 19/1988.

6. gr.

*Frekari framlög.*

Safnið skal taka á móti frekari fjárframlögum, myndum, gjöfum og hvers konar styrkjum eða stuðningi, hvort sem er frá stofnaðilum eða öðrum er veita vilja markmiðum þess brautar-gengi og sem samrýmast markmiðum safnsins og skipulagsskrá þessari að öðru leyti. Safninu er þó ekki skylt að taka við fjárframlögum, myndverkum, gjöfum, styrkjum eða stuðningi sem bundin er kvöðum.

7. gr.

*Meðferð mynda.*

Stjórn safnsins skal varðveita myndir í eigu og umsjón safnsins með tryggum hætti og gæta þess að þær skemmist ekki. Hún skal jafnframt halda nákvæma skrá yfir öll myndverk safnsins þar sem m.a. komi fram heiti myndar og saga eftir því sem unnt er svo og með hvaða hætti safnið hefur eignast myndverkið eða í hvers eigu það er.

Stjórn safnsins er heimilt í störfum sínum og eftir því sem hún telur þörf að leita aðstoðar og leiðbeiningar sérfræðinga á sviði myndlistar og safnareksturs.

Stjórn safnsins er í undantekningartilvikum heimilt að selja úr safninu einstök myndverk með því skilyrði þó að söluandvirði mynda eftir Tryggva Ólafsson verði notað til kaupa á öðrum myndverkum eftir sama listamann sem stjórn safnsins telur að betur þjóni hagsmunum safnsins.

8. gr.

*Rekstur safnsins.*

Stjórn safnsins sér um allan daglegan rekstur þess og útvegum viðbótarhúsnæðis fyrir safnið, ef þess er þörf. Fjárframlög til safnsins og styrki er stjórninni heimilt að nota til reksturs safnsins, þó aldrei óskerðanlegt stofnfé safnsins, sbr. 5. gr., og heldur ekki styrki eða fjárframlög sem bundin eru kvöð um að þau skuli ekki fara til reksturs og stjórnin hefur samþykkt móttöku fjárframlags með því skilyrði.

9. gr.

*Ávöxtun fjár.*

Fjármuni safnsins skal ávaxta með tryggum hætti. Stjórninni er heimilt að fela löggiltu verðbréfafyrirtæki eða viðskiptabanka að sjá um þennan þátt en ávallt skal þó fjárfestingar-stefna borin undir stjórn til samþykktar fyrirfram.

10. gr.

*Breytingar og niðurlagning.*

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt ef allir stofnaðilar sem til staðar eru á þeim tíma, þó að frátöldum Tryggva Ólafssyni, ásamt meirihluta stjórnar safnsins, samþykkja slíka breytingu og skal hún send sýslumanninum á Sauðárkróki til staðfestingar. Að öðru leyti gilda

almenn ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 19/1988 um heimild til breytinga á skipulagsskrá safnsins.

Séu stofnaðilar sammála um að leggja safnið niður skal farið að lögum nr. 19/1988. Við þær aðstæður skulu allar eignir safnsins, þar með talin öll myndverk þess, verða eign Fjarðabyggðar.

11. gr.

*Skráning skipulagsskrár.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi er þannig samþykkt af stofnaðilum á sameiginlegum fundi þeirra í Reykjavík hinn 24. ágúst árið 2007. Skipulagsskráin er undirrituð í votta viðurvist er staðfesta réttar undirskriftir og rétta dagsetningu.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 12. september 2007,*

**Helgi Már Ólafsson** ftr.

**Fylgiskjal.****Skrá verka í málverkasafn Tryggva Ólafssonar.**

Nr.	Nafn	Ártal	Verk nr.	Gerð	Stærð cm	Staðsetning verks	Vísbending PS
1	Trio	2001		Akryl á striga	60x85	Safnahúsið í Neskaupstað	
2	Trio	1998		Akryl á striga	25x80	Safnahúsið í Neskaupstað	
3	Kvintett	2001		Akryl á striga	42x84	Safnahúsið í Neskaupstað	orange
4	För	2003		Akryl á striga	58x76	Safnahúsið í Neskaupstað	
5		1998		Olía á pappír	22x26	Safnahúsið í Neskaupstað	egg
6		1968		Olía á masonit	122x168	Safnahúsið í Neskaupstað	hermaður
7				Olía á masonit	60x60	Safnahúsið í Neskaupstað	kongort
8	Ferð	1980		Akryl á striga	56x70	Safnahúsið í Neskaupstað	sög stóll
9	Varða	1984		Akryl á striga	145x180	Safnahúsið í Neskaupstað	
10	Heima	1979		Akryl á striga	75x80	Safnahúsið í Neskaupstað	
11	Þögull trúður	1979		Collage	36,5x46	Safnahúsið í Neskaupstað	
12	Sæti	1985		Akryl á striga	85x130	Safnahúsið í Neskaupstað	
13	Trio	2001		Akryl á striga	44x99	Safnahúsið í Neskaupstað	græn, þrjú hlutir
14	Þula	1983	8/65	Silkiprykk	80x117	Safnahúsið í Neskaupstað	
15	Kronos	2001		Akryl á striga	120x170	Safnahúsið í Neskaupstað	
16	Fuglar	2002		Akryl á striga	70x95	Safnahúsið í Neskaupstað	
17	Frón	1994		Akryl á striga	85x120	Safnahúsið í Neskaupstað	
18	Stilla	2005		Akryl á striga	85x105	Safnahúsið í Neskaupstað	
19	Sumar	1998		Akryl á striga	130x199	Safnahúsið í Neskaupstað	
20	Land	2005		Akryl á striga	51x74	Safnahúsið í Neskaupstað	blá
21	Torso	2000		Akryl á striga	48x65	Safnahúsið í Neskaupstað	
22	Himdrun	2000		Akryl á striga	54x70	Safnahúsið í Neskaupstað	
23	Caput	2002		Akryl á striga	48x62	Safnahúsið í Neskaupstað	
24	Reið	2004		Akryl á striga	90x115	Safnahúsið í Neskaupstað	
25	Réttir	2001		Akryl á striga	85x125	Safnahúsið í Neskaupstað	
26	Naust	2000		Akryl á striga	50x63	Safnahúsið í Neskaupstað	skíta
27	N.m.	2001		Akryl á striga	42x60	Safnahúsið í Neskaupstað	

28	Mót	1984	Akryl á striga	80x80	Safnahúsið í Neskaupstað	rauð
29	Grímur	1993	Akryl á striga	54x70	Safnahúsið í Neskaupstað	svört
30	Vísa	2001	Akryl á striga	52x65	Safnahúsið í Neskaupstað	rauð
31	Vist	1993	Grafík	40x56	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	<i>gyltur rammi</i>
32	Trúður	1994	Grafík	36x47	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
33	Bál	? 1985	Grafík	38,5x48	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
34	Provence	1999	Grafík	42x52	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
35	Rúm	1992	Grafík	36x48	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
36	Kuðungur	1996	Grafík	40x52	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	svört
37	Grímur	1993	Grafík	40,5x54	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
38	Stilla	1998	Grafík	40,5x55	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
39	Trio	1996	Grafík	39x56	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	líða
40	Trio	1996	Grafík	39x56	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	líða
41	Þrjú	2000	Akryl á striga		Skrifst. Fjarðabyggðar Reyðarfirði	
42	Kristofths legetoj	1993	Grafík	39x58	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
43	Stilla	1998	Grafík	40x55	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
44	Raf	1994	Grafík	41x57	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
45	Duo	1994	Grafík	40,5x57	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
46	Dreif	1999	Grafík	41x55	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
47	Terra	1998	Grafík	39x56,5	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
48	Bangsarnir hemmar Birtu	1992	Grafík	41x56	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
49	Bangsi	?	Grafík	41,5x57	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
50	Karlarnir hans Kolbeins	1996	Grafík	41,5x56	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
51	Provence	1999	Grafík	41x51	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	<i>hvitur rammi</i>
52	Austur	1981	Grafík	41,5x61	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
53			Grafík	39x50	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
54	Duo	1994	Grafík	41x56,5	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
55	Vita		Grafík	33x55	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
56	Sumar		Grafík	27x41,4	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
57	Terra	1998	Grafík	39x56	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
58	Þrjú		Grafík	40,5x55	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	

59	? Fuga		27/90	Grafík	41x46	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	<i>kolkrabbi</i>
60	? Telga	1999		Grafík	40,5x55	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	<i>rammi í lamasessi</i>
61	Hlað	1994	37/90	Grafík	38x55	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	<i>aughljósing</i>
62	Fjögur	1994	71/90	Grafík	41x54	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	<i>raud</i>
63	Gambur	1993	17/90	Grafík	40,5x53	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	<i>blá</i>
64		1996	56/90	Grafík	41,5x56,5	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	<i>gul</i>
65	?			Grafík	33x42	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
66	Nature morte	2003		Grafík	29x40	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
67	Galleri Magstræde 18	1983		Grafík	53x66	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
68	Fley	2003		Grafík	25x37,5	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
69	Vor	2003		Grafík	25x37,5	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
70	Kvintett	2006		Grafík	25x37,5	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
71	Gengi	2003		Grafík	25x37,5	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
72	Bevt	2006		Grafík	25x37,5	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
73	Fang	1998		Grafík	32x42	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
74	Málarinn	2006		Grafík	41x58	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
75	Sögn	2006		Grafík	41x58	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
76	Nature morte	1997	47/50	Grafík	24x36	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	<i>raud</i>
77	Nature morte	1997		Grafík	25x35	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
78	ET	1979		Grafík	28x28	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	<i>teikning</i>
79	Vor	1981		Grafík	40x55	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	<i>raud</i>
80			59/70	Grafík	40x61	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
81	Kuðungur	1996	37/90	Grafík	40,5x52	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
82	Janus	1989		Grafík	40x52,5	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
83				Grafík	34,5x48	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	<i>skák</i>
84	Kaspers legetoj	1996	37/90	Grafík	41x56	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
85	Land	1994		Grafík	40x54	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
86	Gambur	1993		Grafík	40x53	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
87				Grafík	11x17	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
88				Grafík	11x17	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
89				Grafík	11x17	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	

90		Grafík	11x17	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
91		Grafík	11x17	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
92		Grafík	11x17	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
93		Grafík	11x17	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
94		Grafík	11x17	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
95		Grafík	11x17	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
96		Grafík	11x17	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
97		Grafík	11x17	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
98		Grafík	11x17	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
99		Grafík	11x17	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
100		Grafík	11x17	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
101	Nekselo	Olía - masonit	36x44	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
102		Akryl á striga	30x35	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
103		Grafík	20x25	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
104		Grafík	20x25	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
105		Grafík	20x25	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
106		Grafík	20x25	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
107		Grafík	20x25	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
108			20x25	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
109		Grafík	20x25	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
110		Grafík	20x25	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
111		Grafík	20x25	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
112		Grafík	20x25	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
113		Grafík	20x25	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
114		Grafík	20x25	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
115		Grafík	20x25	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
116		Grafík	20x25	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
117		Grafík	20x25	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
118	Þrjú	Grafík	40x55	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
119	Jazz	Grafík	40x55	Geymsla Miðstræti Neskaupstað
120	Streiti	Grafík	44x56	Geymsla Miðstræti Neskaupstað

*bátur í sólarljósi*

*gul*



121	? EA		Grafík	32,5x41,5	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
122	? EA		Grafík	32,5x41,5	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
123	Víta	1989	Grafík	34x55	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
124			Grafík	48x60	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
125		1959	Akryl - pappír ?	26x36	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	<i>rauð</i>
126	Hvel	1993	Akryl á striga	130x180	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
127		1978	Akryl á striga	135x177	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
128	Nature morte	1984	Akryl á striga	114x145	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
129		1977	Akryl á striga	120x150	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
130		1979	Akryl á striga	130x162	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
131	Vor	1998	Akryl á striga	130x200	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
132	Þrenning	1982	Akryl á striga	90x123	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
133			Akryl á striga	122x158	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
134		1974	Akryl á striga	134x168	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
135		1973	Akryl á striga	122x122	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
136	Ad astra	1987	Akryl á striga	80x125	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	<i>barn</i>
137	Slys	1979	Akryl á striga	111x135	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
138	Hræ	1989	Akryl á striga	105,5x135,5	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
139	Nature morte	1996	Akryl á striga	70x100	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	<i>gul</i>
140	Blundur	1997	Akryl á striga	60x100	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
141	Interiör	1999	Akryl á striga	65x90	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
142		1977	Akryl á striga	72x100	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
143	Dvöl	1981	Akryl á striga	70x80	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
144	Cerveteri	1995	Akryl á striga	60x80	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
145	Bvol	1999	Akryl á striga	51x65	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
146	Herja	1990	Akryl á striga	46x65	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
147	Leit	1997	Akryl á striga	47x65	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	<i>rauð</i>
148	Risa	1996	Akryl á striga	45x65	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
149	Nm	2001	Akryl á striga	43x72	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	<i>höfuðkaupur</i>
150	Land	1995	Akryl á striga	32x61	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
151	Helsinki	1996	Akryl á striga	42x54	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	<i>brún</i>

152	Ból	1982	Akryl á striga	30,5x40,5	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	<i>hermaður</i>
153		1969	Akryl á striga		Geymsla Miðstræti Neskaupstað	<i>menn</i>
154		1968	Akryl á striga		Geymsla Miðstræti Neskaupstað	<i>eign Tryggva</i>
155	Skríður	1998	Lakk - masonit	120x300	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	<i>eign Tryggva</i>
156	Eyðimörk	1972	Olía - masonit	121x243	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	<i>eign Tryggva</i>
157		1972	Akryl á striga	121x121	Geymsla Miðstræti Neskaupstað	
158	Fuglar	2003	Akryl á striga		Skrifst. Fjarðabyggðar Reyðarfirði	<i>Helga</i>
159	Pan	2006	Akryl á striga		Skrifst. Fjarðabyggðar Reyðarfirði	
160	Tengja	1999	Grafík		Skrifst. Fjarðabyggðar Reyðarfirði	
161	Þrjú	1996	Akryl á striga		Skrifst. Fjarðabyggðar Reyðarfirði	
162	Fjara	1998	Akryl á striga		Skrifst. Fjarðabyggðar Reyðarfirði	<i>Helga</i>
163			Akryl á striga		Skrifst. Fjarðabyggðar Reyðarfirði	
164	Dótið hans Úlfs		Grafík	28/90	Læknamiðstöð Reyðarfjarðar	
165	Gullin hans nafna		Grafík	28/90	Læknamiðstöð Reyðarfjarðar	
166			Grafík		Læknamiðstöð Reyðarfjarðar	<i>pensill</i>
167	Fórn		Akryl á striga		Læknamiðstöð Reyðarfjarðar	
168	Gengi	2001	Akryl á striga		Læknamiðstöð Reyðarfjarðar	
169		2001	Akryl á striga		Læknamiðstöð Reyðarfjarðar	<i>flugvél</i>
170			Grafík		Læknamiðstöð Reyðarfjarðar	<i>blá</i>
171	Jazz	1998	Grafík	36/90	Bókasafn Reyðarfjarðar	
172	Bangsi		Grafík	57/90	Bókasafn Reyðarfjarðar	
173	Stilla	1998	Grafík	76/90	Bókasafn Reyðarfjarðar	
174			Akryl á striga		Bókasafn Reyðarfjarðar	
175			Akryl á striga		Grunnskóli Reyðarfjarðar Skólalast.	<i>rauð</i>
176		2001	Akryl á striga		Grunnskóli Reyðarfjarðar Skólalast.	<i>blá - gul - fótur</i>
177	Merki		Akryl á striga		Grunnskóli Reyðarfjarðar Skólalast.	<i>blá - qflöng</i>
178	Svalan		Grafík		Grunnskóli Reyðarfjarðar Skólalast.	
179			Akryl á striga		Skrifst. Fjarðabyggðar Reyðarfirði	<i>svört</i>
180			Akryl á striga		Skrifst. Fjarðabyggðar Reyðarfirði	<i>Gulli</i>
181	Fjögur		Grafík		Skrifst. Fjarðabyggðar Reyðarfirði	

*Viðbót frá Magna Kristjánssyni 16. júlí 2007.*

182	Mót	1990	Akryl á striga	85x105	Skrifst. Fjarðabyggðar Neskaupstað
183	Fuga	2002	Akryl á striga	72x85	Skrifst. Fjarðabyggðar Neskaupstað
184	Fuglar		Akryl á striga	90x95	Skrifst. Fjarðabyggðar Neskaupstað
185	Kvinnur		Akryl á striga	90x140	Skrifst. Fjarðabyggðar Neskaupstað
186	Nature morte	1995	Akryl á striga	70x100	Magni Kristjánsson
187	Tússteikning Miles Davis	1975	Tússteikning	40x49	Magni Kristjánsson
188	Frá Norðfirði	1954	Olía á striga	8x13	Magni Kristjánsson
189	Skyssa að veggmynd	1999		21x24	Capitano - Magni
190	Úr Þingholti	1959-60	Akryl á striga		Geymsla, Tryggvi Ólafsson
191	Litografuseria	ekki ártal	Litografia	20,7x30	Magni Kristjánsson
192	Litografuseria	ekki ártal	Litografia	20,7x30	Magni Kristjánsson
193	Litografuseria	ekki ártal	Litografia	20,7x30	Magni Kristjánsson
194	Sama litografuseria	ekki ártal	Litografia	20,7x30	Magni Kristjánsson
195	Sama litografuseria	ekki ártal	Litografia	20,7x30	Magni Kristjánsson
196	Sama litografuseria	ekki ártal	Litografia	20,7x30	Magni Kristjánsson
197	Sama litografuseria	ekki ártal	Litografia	20,7x30	Magni Kristjánsson
198	.....nafnlaus.....	1988	Teikning á pappir í 6 litum		Magni Kristjánsson
199	Litografia - Provence				Magni Kristjánsson
200	Gengi				Magni Kristjánsson
201	Gullin hans nafna				Magni Kristjánsson
202	Málarinn				Magni Kristjánsson
203	Stilla				Magni Kristjánsson
204	Sögn				Magni Kristjánsson
205	Jass				Magni Kristjánsson

Fimm myndir af sumarsýningunni 2007 sem yfirsást að telja upp.

206	Útsíður „Austurlands“	1979	Collage	Safnahúsið í Neskaupstað
207	Úr Þingholti		Akryl á striga	Safnahúsið í Neskaupstað
208	Almannagjá		Vatnslitir	Safnahúsið í Neskaupstað
209	Stýrimannaskólinn o.fl.		Vatnslitir	Safnahúsið í Neskaupstað
210	Frá Norðfirði		Olía á striga	Safnahúsið í Neskaupstað

Samtals eru þetta 210 verk í lokaskráningu.

Aðeins er miðað við innrömmuð grafísk verk.

Auk þess eru hjá Magna u.þ.b. 50 litografiur önnuramaðar, 200 - 250 bæklingar og u.þ.b. 1000 - 1200 kort.

Ýmsar bækur frá Tryggva, 2 kassar.

Gögn frá Helga Guðmundssyni 1 kassi og digitalupptökur, samtöl Tryggva og Helga samtals um 35 klukkustundir.